



Barnabóli 1. nóvember 2005

Fréttabréf leikskólans Barnabóls

Komið þið sæl og blessuð.

Foreldrafundir og Skólanámskrá Barnabóls

Árlegir foreldrafundir leikskólans voru haldnir 12. og 13. október, ágæt mæting var á fundina og þar var fyrsta skólanámskár Barnabóls afhent. Skólanámskráin tekur við af foreldrahandbókinni en er ítarlegri. (Beðist er velvirðingar á ritvillum sem slæðst hafa inn þrátt fyrir prófarkalestur).

„Markmið skólanámskrár er fyrst og fremst að skipuleggja uppeldisstarfið og nám barnanna og stuðla að skilvirkara starfi í leikskóla.“ (Aðalnámskrá leikskóla 1999, bls. 34)

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (útg.1999) skal hver leikskóli gera sína eigin skólanámskrá sem byggð er á Aðalnámskránni, og eins og þar segir á bls. 35 um skólanámskrá:

- gerir leikskólastarfið sýnilegra
- veitir yfirsýn yfir allar forsendur í rekstri leikskólans
- gerir leikskólastarfið markvissara og auðveldara
- veitir heildarsýn yfir uppeldisstarfið
- gefur starfsfólki skýrar upplýsingar um hvers er vænst af því
- gerir nýliðum auðveldarar að komast inn í starfið
- auðveldar markvisst samstarf við foreldra og aðra samstarfsaðila

Við gerð skólanámskrár skal taka tillit til sérstöðu hvers leikskóla og er eitt aðalmarkmið leikskólans að aðlaga Aðalnámskrána að aðstæðum, möguleikum, hefðum og áherslum leikskólans með tilliti til ýmissa ytri þátta. Og má þar nefna; starfsmannafjölda, menntun starfsmanna, dvalartíma barna, barnafjölda, staðsetningu leikskólans, útivistarsvæðis og búnaðar.

Skólanámskráin skal vera í sífelldri endurskoðun og aðlögun að starfi leikskólans á hverjum tíma og það er á stefnuskrá okkar að endurskoða námskrána árlega, bæta hana og skipuleggja betur. Við gerum okkur fulla grein fyrir að þessi fyrsta námskrá er ekki fullkomin en stefnum að því að hún verði betri og markvissari í framtíðinni.

Breyting á innra starfi og skipulagi Barnabóls haustið 2006

Deildaskiptingarnar sem teknar voru upp í haust, í yngri og eldri barna deildir hafa komið afar vel út. Nýtt vinnu og dagskipulag hefur verið þróað á deildunum til þess að leikskólastarfið gangi sem best upp.



Í dag eru börnin orðin örugg með sig og vita upp á hárfhvernig skipulagið á deildinni þeirra virkar. Eins og svo oft áður sjáum við að börn eru mjög vanafastar manneskjur og vilja hafa fastan ramma og virðist líða best í þannig umhverfi og við skipulagninguna var gengið út frá þeirri forsendu.

Við breyttum nokkrum hefðum í haust og það hefur komið vel út að okkar mati. Ein leikskólatelpan var ekki alveg sátt við að missa leikfanga- og hjóladagana og afmælin og ræddi þetta á alvarlegum nótum við mömmu sína:

„Leikskólakonurnar eru latar“

„Nú?“ sagði mamman

„Já, þær nenna engu lengur; það má ekki koma með dót, ekki hjól og svo nenna þær ekki að hafa afmælin. Þetta er hundleiðinlegur leikskóli“

Það vildi okkur leikskólakonunum til happs að daginn eftir var fyrsti leikfimitíminn í íþróttahúsinu og daginn þar á eftir fyrsti sameiginlegi afmælisdagur leikskólans og hún tók gleði sína á ný og hætta við að hætta!

Starfsmannahald

Þrjú starfsmenn eru í burtu vegna vettvangsnáms. Guðlaug kemur til starfa 7. nóvember og Lilja og Sesselja koma 12. desember, en fara í próf 13. og 16. desember. Nokkuð álag hefur verið á fasta starfsfólkinu og afleysingarstarfsfólki vegna skipulagsvinnu, námslota og veikinda í haust og vil ég nota tækifærið og þakka öllum fyrir gott starf á álagstíma.

Umhverfið - viðhald búnaðar og endurnýjun

Nokkrar endurbætur hafa verið framkvæmdar t.d. settar hærri hliðar á þrjá vegu á nýja sandkassann sem veita börnunum betra skjól. Skiptiaðstaðan á Sæbóli hefur verið bætt og brátt kemur þar ný útidyrhúsið út á leiksvæðið.

Að lokum nokkrir punktar úr skólaalmanakinu:

- 10. nóv. Skammdegishátíðin - foreldrum boðið í súpu og brauð
- 26. nóv. Piparkökubakstursdagur Barnabóls
- 1. des. Aðventuheimsókn í Hólaneskirkju
- 8. des. Börnin bjóða foreldrum í aðventukaffi á leikskólann
- 13. des. Skoða og ganga kringum jólatréð á Hnappstaðatúni
- 15. des. Jólaball leikskólans
- 2. jan. 2006 Lokað vegna skipulags- og námskeiðsdags starfsfólks.

Heilræðið: Fullorðna fólk! Munið að ég er bara barn, ekki lítil fullorðin vera.

Kær kveðja

Þórunn Bernódusdóttir
leikskólastjóri og starfsfólk leikskólans Barnabóls